



Kæru bekkjarfulltrúar í 6. og 7. bekk!

Innleiðing spjaldtölva í grunnskólum Kópavogs er nú komin á skrið og styttest í annan áfanga í úthlutun til nemenda, þegar sjötti og sjöundi bekkur fá afhentar spjaldtölvur í janúar 2016.

Nú viljum við óska eftir liðsinni ykkar.

Áður en nemendur fá afhentar spjaldtölvurnar er nauðsynlegt að foreldri eða forráðamaður hvers og eins nemanda hafi kynnt sér ýmsa þætti í tengslum við innleiðinguna, s.s. notkunarskilmála, markmið og fleira, auk þess sem foreldrar þurfa að undirrita samning um afnot og samþykki þess að útbúinn sé AppleID-aðgangur fyrir nemandann.

Því hefur verið ákveðið að kalla foreldra til fundar í skólunum nú strax fyrir jól. Mikilvægt er að sem allra flestir gefi sér tíma til að koma á fundina og viljum við biðja ykkur bekkjarfulltrúa að hvetja foreldra til að láta sig ekki vanta. Til að auðvelda fólki að komast frá vinnu verða haldnir tveir fundir í hverjum skóla, annar kl. 8:00 að morgni og hinn kl. 17:00, sjá töflu hér að neðan.

Á fundinum verða foreldrum afhentar spjaldtölvur og verða þær notaðar til að koma fundarefninu á framfæri. Foreldrar fá þannig nasasjón af því hvernig tækin verða notuð í skólanum. Farið verður yfir ýmis mikilvæg atriði sem tengjast afhendingunni, en einnig gefst foreldrum kostur á að spyrja um það sem þeim liggur á hjarta.

Athugið að í Álfhólsskóla verður haldinn sérstakur fundur fyrir foreldra með annað móðurmál en íslensku, þar sem boðið verður upp á túlkajónustu. Sá fundur verður auglýstur sérstaklega.

Fundartímar	Þriðjudagur 8. des	Miðvikudagur 9. des	Fimmtudagur 10. des
Kl. 8:00-9:00	Vatnsendaskóli Salaskóli Kársnesskóli	Álfhólsskóli Hörðuvallaskóli Lindaskóli	Smáraskóli Kópavogsskóli Snælandsskóli
Kl. 17:00-18:00	Smáraskóli Hörðuvallaskóli Lindaskóli	Vatnsendaskóli Kópavogsskóli Snælandsskóli	Álfhólsskóli Salaskóli Kársnesskóli

Með fyrirfram þökk

Björn Gunnlaugsson
Verkefnastjóri spjaldtölvuinnleiðingar
spjaldtolvur@kopavogur.is